



ORKUSTOFNUN

Staðsetning borholu við Stekk í landi Vaðals á Barðaströnd

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-87-05

STADSETNING BORHOLU VIÐ STEKK Í LANDI VAÐALS Á BARÐASTRÖND

Þann 27.4.1987 kannaði ég jarðhita við svonefndann Stekk í landi Vaðals á Barðaströnd. Tilgangurinn var að finna líklegasta staðinn þar sem borun 200-300 m holu skilaði árangri.

Ég kannaði útbreiðslu jarðhitans, segulmældi nokkra spildu umhverfis hann með hjálp Hákonar Jónssonar bónda á Vaðli og kannaði sýnileg jarðlög í gili Vaðalsár. Niðurstöðurnar eru sýndar á meðfylgjandi mynd.

Jarðhitinn virðist raða sér að mestu á beina línu með stefnu N15°A. Þessari beinu línu fylgir dálítill hæð í segulsviði (300-500) sem bendir til þess að gangur fylgi laugalínunni. Við athugun á staðnum þar sem umræddur gangur ætti að skera Vaðalsá kemur í ljós geil í klettabeltið sunnan árinnar þar sem ekki sér í fast berg. Norðan árinnar er hins vegar heilt hraunlag þ.a. gangurinn fer ekki þar í gegn en geil er dálítið austar í hraunagið norðan árinnar. Eftir Vaðalsánni liggur allmikill berggangur sem stefnir A-V (N90A) og þar sem hann liggur á móts við geilina við 11°C volgruna eru talsverðar útfellingar í sprungum í honum sem benda til jarðhitavirkni. Hugsanlegt er að gangurinn sem fylgir laugalínunni hliðrist til austurs um ganginn í Vaðalsánni.

Auk ofannefndra tveggja ganga sjást tveir gangar í grennd við syðstu volgrurnar á laugalínunni. Annar þeirra hefur stefnuna N55A og liggur að syðslu volgrunni, hinn stefnir N30V og virðist skera laugalínuna örlítið norðar. Hvorugan þessara ganga er að finna vestan laugalínunnar.


Jarðlagahalli á þessum slíðum er talinn vera 8° gráður til SA. Út frá því að áætla halla N55A-gangsins 8° til NV oggangsins með laugalínunni 3° til V.

Við staðsetningu borholunnar tek ég mið af heitu volgrunni og staðset holuna þ.a. hún skeri ganginn við laugalínuna nærri 100 m og síðar N55A-ganginum á um 300 m dýpi. Því ættu að vera talsvert góðar líkur til að borunin gæti borið tilskilinn árangur, 10-30 l/s af 40-50°C heitu vatni.

I-
E

JHD JED 4601 ÓGF
87.04.0403 IS

JARÐHITINN VIÐ STEKKI Í LANDI
VAÐALS Á BARÐASTRÖND



SKÝRINGAR:

Segulmæling

Volgrur

Gangar

Tillaga um stað-
setningu borholu